

XII. KAFLI

Gildistaka.

41

21. apríl

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-
skipti, og gengur í gildi 1. maí 1950. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrár-
ákvæði fyrir landssímann.

Póst- og símamálaráðherra, 21. apríl 1950.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

42

3. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89 16. ágúst 1935.

1. gr.

Í stað 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Ef hross ganga úr afrétti á sumrum í búfjárhaga getur sá, er fyrir ágangi
verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um
smölun hrossanna og rekstur til afréttar. Kostnað við smölun og rekstur borgar
landráðandi að $\frac{1}{4}$ en $\frac{3}{4}$ greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði upprekstrar-
félagsins tiltölulega við það, sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila,
nema öðruvísi sé um samið.

Þessi ákvæði gilda sumar hvert, þar til vika er til gangna.

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort sem hann er búandi eða búlaus.
Skal hann leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd fyrirskipar. Hrepps-
nefnd skal og hafa rétt til að leggja fjallskil á búendur og umráðamenn þeirra
jarða, þar sem framfleytt er litlum eða engum afréttarpeningi, ef þess telst brýn
þörf. Álagningin skal miðast við landverð samkvæmt fasteignamati og má fjall-
skilagjaldið aldrei vera hærra en 3 af þúsundi, að viðbætti gildandi verðlags-
vísitölu.

Nægi niðurjafnað gjald samkvæmt þessu ekki til að standa straum af kostnaði
við nauðsynleg fjallskil, skal heimilt að taka það, sem á vantar með niðurfjónun
útsvara.

3. gr.

Aftan við 61. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á skal sýslunefnd heimilt, með fundarsamþykkt,
að fresta prentun markaskrár, eftir því sem hún telur við eiga.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu
og sett samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér
með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að
máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. marz 1950.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.